



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29.09.2015
1509019 IE

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar, 3. mál.

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar (hækkun lífeyris), 3. mál, þskj. 3, lþ. 145. Í frumvarpinu er lagt til að elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga fylgi þróun lágmarkslauna í samræmi við kjarasamninga og verði kr. 300.000.- árið 2018.

Jafnréttisstofa fagnar þessu frumvarpi sem er til þess fallið að bæta stöðu hópa, karla og kvenna, sem standa fjárhagslega höllum fæti í samfélaginu. Ljóst er að fleiri konur munu njóta góðs af þessum lagabreytingum, ef af verður, því að fleiri konur sem fá ellilífeyri og örorkubætur þurfa á sérstakri uppbót að halda til framfærslu. Þær fá einnig almennt lægri greiðslur úr lífeyrissjóðum og því er þessi lagabreyting einnig til þess fallin að auka jafnrétti kynjanna og jafna stöðu þeirra, sbr. 1. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008, m.a. c. lið, þar sem tekið er fram að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur